


---

*Sinfóníuhljómsveit áhugamanna*

# **TÓNLEIKAR**



**í Seltjarnarneskirkju  
sunnudaginn 18. maí 2008  
kl. 17:00**

**Stjórnandi:  
Óliver Kentish**

**Einleikari á básúnu:  
Sigurbjörn Ari Hróðmarsson**

**Aðgangseyrir er kr. 1500, frítt fyrir börn,  
afsláttarverð kr. 500 fyrir nemendur og eldri borgara.**

---

---

## Efnisskrá:

**Edward Elgar:** Chanson de Matin  
Chanson de Nuit

**Lars-Erik Larsson:** Concertino fyrir básúnu og strengjasveit, Op. 45 nr. 7  
*Preludium: Allegro pomposa*  
*Aria: Andante sostenuto*  
*Finale: Allegro giacoso*

- HLÉ -

**Ludwig van Beethoven:** Sinfónía nr. 3, Eroica, í Es-dúr, Op. 55  
*Allegro con brio*  
*Marcia funebre: Adagio assai*  
*Scherzo: Allegro vivace*  
*Finale: Allegro molto*

---

---

## Um flytjendur, höfunda og tónverk



Stytta af Edward Elgar og hjólinu hans.

**Edward Elgar** (1857-1934) er eitt af höfuðtónskáldum Breta. Hann fæddist í Broadheath nálægt Worcester og var alla tíð tengdur enskri sveitamenningu. Eftir hann liggja mörg stórverk, svo sem Enigma-tilbrigðin og sellókoncert, sem Sigurður Halldórsson lék eftirminnilega með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna á tónleikum 24. október 1999. En Elgar er ekki síst þekktur fyrir smærri verk sín. Til dæmis er Pomp and Circumstance March No 1 leikinn við skólauppsagnir víða um heim og þykir ómissandi til að ná réttu stemningunni. Salut d'Amore þekkjast allir. Lagaperlurnar tvær, sem hér verða fluttar, eru gjarnan spyrtaðar saman og mun Elgar hafa hugsað það svo frá upphafi. Lögin voru skrifuð fyrir fiðlu og píanó 1897 og 1899 og urðu þegar mjög vinsæl. Elgar gerði svo hljómsveitarútsetningu og gaf út 1901.



**Lars-Erik Vilner Larsson** (1908-1986) var eitt fremsta tónskáld í Svíþjóð á nýliðinni öld. Hann ólst upp í Åkarp, stundaði síðan nám í Tónlistarháskólanum í Stokkhólmi og hjá Alban Berg og Reuter í Vínarborg og Leipzig. Að námi loknu starfaði hann við Sænska ríkisútvarpið sem tónskáld og stjórnandi, kenndi síðan við Tónlistarháskólann í Stokkhólmi og Uppsalaháskóla. Þekktustu og mest leiknu verk Lars-Eriks eru samin í nýklassískum stíl. Á sjötta og sjöunda áratugnum tók hann sér fyrir hendur að skrifa 12

litla konserta fyrir öll hefðbundin hljómsveitarhljóðfæri. Einleikshlutverkin eru krefjandi en hljómsveitartarnir þykja henta vel fyrir áhugahljómsveit enda njóta þessir konsertar fádæma vinsælda og eru oft fluttir. Sérstaklega er básúnukonsertinn vel þekktur. Fyrsti kaflinn er eins konar kadensa með stuttum

---

---

milliköflum sem hljómsveitin leikur. Í öðrum kafla syngur básúnan lag við undirleik strengjanna þar sem hljómagangur hefur stundum óvænta framvindu. Þriðji kaflinn er leikandi léttur og gefur einleikaranum tækifæri til að sýna færni sína. Með flutningi þessa verks minnst Sinfóníuhljómsveit áhugamanna aldarafmælis þessa merka norræna tónskálds á verðugan hátt.



**Ludwig van Beethoven** (1770-1827) samdi allar 9 sínfóníur sínar á tímabilinu 1799-1824. Þriðja sínfónían var samin 1803-4 og var flutt fyrst í einkahúsi sumarið 1804. Opinber frumflutningur fór fram í Theater an der Wien 7. apríl 1805. Sínfónían markar tímamót í tónlistarsögunni á að minnsta kosti tvennan hátt. Hún er umtalsvert lengri en dæmigerðar sínfóníur klassíska tímabilsins, tekur um 50 mínútur í flutningi. Í henni gætir einnig meiri skaphita og tilfinninga en hafði tíðkast áður. Hún er stundum talin marka upphaf

rómantíska tímabilsins. Upphaflega hafði Beethoven hugsað sér að tileinka sínfóníuna Napóleoni Bonaparte, jafnvel þótt það þýddi að hann yrði hugsanlega af vænni þóknun sem hann fengi ef hann tileinkaði hana prinsinum Franz Joseph Maximilian Lobkowitz. Beethoven var aðdáandi Napóleons og hugmynda frönsku byltingarinnar um frelsi og mannréttindi. Þegar hann frétti af ráðagerðum Napóleons í maí 1804 að gera sjálfan sig að keisara Frakklands varð hann ævareiður, gekk að vinnuborði sínu þar sem fullbúið handritið lá og krafsaði burtnafnið Bonaparte með þvílíku offorsi að gat kom á titilsíðuna, sjá mynd. Hann breytti titli verksins í *Sinfonia eroica, composta per*



Titilsíða þriðju sínfóníunnar með útstrikuðu nafni Bonaparte.



Napóleon Bonaparte.

*festeggiare il sovvenire d'un grand'uomo, sem útleggst: Hetjusinfónía, samintil að heiðra minningu mikilmennis.* Einhverja bakþanka hefur hann þó fengið því seinna um sumarið skrifar hann í bréfi til útgefanda síns að í rauninni heiti sinfónían Bonaparte. En hvað um það, hún gengur nú undir nafninu Eroica, og hetjuleg er hún. Þetta er í annað sinn sem Sinfóníuhljómsveit áhugamanna tekst á við þessa sinfóníu. Fyrra skiptið var í nóvember 1994.



**Sigurbjörn Ari Hróðmarsson** byrjaði að læra á básúnu ungur að árum í Tónlistarskóla Akureyrar undir leiðsögn Jóns Halldórs Finnssonar. Þaðan lá leiðin suður til Reykjavíkur þar sem hann nam básúnuleik hjá Sigurði Þorbergssyni í Tónskóla Sigursveins. Þar lauk hann framhaldsprófi vorið 2006. Nú er Ari á sínu öðru ári í Conservatorium van Amsterdam þar sem aðalkennari hans er Ivan Meylemans, fyrrum sólóbásúnuleikari hjá Royal Concertgebouw

Orchestra. Þar fyrir utan hefur Ari sótt námskeið og einkatíma hjá nokkrum af fremstu básúnuleikurum samtímans. Ari hefur komið nokkrum sinnum fram sem einleikari, bæði héraendis og í Svíþjóð. Helst ber að nefna frumflutning hans á *Ariel* eftir John A. Speight með Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna en sá konsert var tileinkaður Ara og sérpantaður fyrir fyrstu tónleika Sinfóníuhljómsveitar tónlistarskólanna undir stjórn Guðna Franzsonar. Auk þess hefur Ari spilað með fjölmörgum hljómsveitum í gegnum tíðina, en þar ber helst að nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveitina Ísafold, Lúðrasveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins.

**Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** hefur starfað óslitið frá árinu 1990. Á ferli sínum hefur hún haldið um 90 tónleika, oftast á eigin vegum en stundum í samvinnu við aðra hópa. Mikill fjöldi hljóðfæraleikara hefur leikið með hljómsveitinni í lengri eða skemmri tíma. Aðalstjórnendur hennar hafa verið tveir, Ingvar Jónasson

---

---

fyrstu 15 árin og síðan Oliver Kentish. Auk þeirra hafa 16 stjórnendur komið við sögu hennar. Hljómsveitin hefur leikið með fjölda kóra, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni. Ekki færri en 17 kórar hafa komið við sögu. Meira en 70 einleikarar hafa komið fram með hljómsveitinni og eru þá ekki meðtaldir 75 Suzuki-nemendur sem léku saman „einleik“ í fiðlukonsert Vivaldis á 10 ára afmælistónleikum sveitarinnar árið 2000. Ekki færri en 45 einsöngvarar hafa sungið á tónleikum hennar. Meðal einleikaranna og einsöngvaranna eru margir fremstu tónlistarmanna hérlandis en einnig ungir og upprennandi tónlistarmenn sem eru að hefja feril sinn. Hljómsveitin hefur á stefnuskrá sinni að stuðla að tónsköpun. Hún hefur frumflutt verk eftir 7 tónskáld, verkin eru talsvert fleiri. Nánari upplýsingar um hljómsveitina og starf hennar má finna á vefsíðunni [www.ahugasinfonia.is](http://www.ahugasinfonia.is).

Stjórn hljómsveitarinnar skipa: Páll Einarsson (formaður), Kjartan Guðnason (gjaldkeri), Guðrún Másdóttir (vefsíðustjóri m.m.), Páll Ingvarsson (nótnavörður) og Sverrir Guðmundsson.

## HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG:



**Súsanna Ernst Friðriksdóttir** er fædd og uppalin í vesturhluta Berlínar í Þýskalandi. Sem barn og unglingur hafði hún engan áhuga á tónlist en var á kafi í íþróttum, fótbolta og júdó. Hún byrjaði að læra á klarínettu 17 ára gömul við Paul-Hindemith-Musikschule í Berlín og lék þar með blásarakvintett skólans. Einnig lék hún með skólahljómsveit menntaskólans og áhugamannasinfóníuhljómsveit. Súsanna lagði síðan stund á efnaverkfræði við Technische Universität í Berlín. Hún var skiptinemi við Háskóla Íslands veturinn 1997/98 og sótti klarínnettutíma hjá Einari Jóhannessyni. Hún flutti til Íslands í ágúst 1999 og vann eitt ár hjá Félagsþjónustunni við ummönnun fatlaðra, byrjaði síðan

---

---

að vinna hjá lyfjafyrirtækinu Actavis (sem hét Delta í þá daga) og lauk B.PH. prófi í íslensku fyrir erlenda stúdenta 2001. Súsanna byrjaði að læra á víólu fyrir fimm árum og hefur spilað með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í fjögur ár. Meðfram vinnu er Súsanna nú í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lærir bæði á víólu og klarínettu. Önnur áhugamál fyrir utan tónlist eru útivist og gönguferðir og hefur hún verið virk í Hjálparsveit skáta í Reykjavík í nokkur ár.



**Sigríður Kristjánsdóttir** hóf fagott nám 13 ára að aldri hjá Hafsteini Guðmundssyni í Tónmenntaskóla Reykavíkur. Undir handleiðslu hans hélt hún áfram námi sínu í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk þaðan burtfarar- og blásarakennaraprófi árið 2004. Sigríður stundaði síðan nám hjá Matthew Ruggiero við Boston University og

útskrifaðist þaðan með meistaragráðu í fagottleik árið 2006. Hún hefur leikið með fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Hljómsveit Íslensku óperunnar, Boston University Symphony Orchestra, Kammersveitinni Ísafold og Orkester Norden. Sigríður hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna með hléum frá árinu 1997. Meðal annars lék hún einleik með hljómsveitinni í fagottkonsert í C-dúr eftir Vivaldi í nóvember 1993, einnig í Sinfóníu konsertante í Es-dúr eftir Mozart í mars 1993. Hún stundar nú B.S. nám í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

---

## ***Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:***

**Konsertmeistari:** Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

### **1. fiðla**

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir  
Elísabet Vala Guðmundsdóttir  
Sigrún Andrésdóttir  
Guðmundur Viggósson  
Fríða Björg Leifsdóttir  
Rós Pétursdóttir  
Christophe Joset  
Inger Valdemarsdóttir  
Freyja Auðunsdóttir

### **2. fiðla**

Páll Ingvarsson  
Henný Prastardóttir  
Hólmfríður Þorvaldsdóttir  
Erna Másdóttir  
Jónína Thorarensen  
Halla Björg Baldursdóttir  
Helga Andrésdóttir

### **Víóla**

Helga Guðrún Sigurjónsdóttir  
Halldóra Æsa Aradóttir  
Katarína Wolf  
Súsanna E. Friðriksdóttir

### **Selló**

Páll Einarsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Henrik Deiting  
Árni Rúnar Inaba Kjartansson  
Hrefna Guðmundsdóttir  
Kristín Thoroddsen

### **Kontrabassi**

Roine Hultgren  
Birgit Myschi  
Leifur Benediktsson  
Dean Ferrell

### **Flauta**

Kristrún Björnsdóttir  
Karen Erla Karolínudóttir

### **Óbó**

Sverrir Guðmundsson  
Guðrún Másdóttir

### **Klarinett**

Berglind María Jóhannsdóttir  
Barclay Anderson

### **Fagott**

Sigríður Kristjánsdóttir  
Oddný Þórhallsdóttir

### **Horn**

Brynjar Björnsson  
Erna Ómarsdóttir  
Atli Sigurðsson

### **Trompet**

Baldvin Oddsson  
Jens Guðjónsson

### **Pákur**

Frank Aarnink

### **Harpa**

Sólveig Thoroddsen

## ***Hljómsveitin þakkar***

Seltjarnarneskirkju, Sinfóníuhljómsveit Íslands og SPRON  
ómetanlegan stuðning.